Reykjavík, 27. apríl 2017
R17030086
13055

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um heildarlaunakostnað hvers stjórnmálaflokks á árinu 2016***

Á fundi borgarráðs þann 9. mars 2017 var svohljóðandi fyrirspurn lögð fram af borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

> Óskað er eftir upplýsingum um heildarlaunakostnað, ásamt launatengdum gjöldum, hvers stjórnmálaflokks á árinu 2016. Svarið skal taka yfir greiðslur til allra fulltrúa stjórnmálaflokkanna í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar.

Svar:
Í hjálögðum lista má sjá launakostnað fulltrúa stjórnmálaflokka í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar árið 2016. Heildarlaunakostnaður, ásamt launatengdum gjöldum, hvers stjórnmálaflokks á árinu 2016 fyrir setu í borgarstjórn, fagráðum, fjölmenningarráði, innkauparáði, hverfisráðum, mannréttindaráði, stjórnkerfis- og lýðræðisráði, bílastæðanefnd og heilbrigðisnefnd er eftirfarandi:

Samfylkingin 72.282.960 kr. launakostnaður, 13.653.449 kr. launatengd gjöld. Samtals kr. 85.936.409.
Sjálfstæðisflokkur 67.298.623 kr. launakostnaður, 13.705.673 kr. launatengd gjöld. Samtals kr. 81.004.296
Björt framtíð 46.042.251 kr. launakostnaður, 9.103.540 kr. launatengd gjöld. Samtals 55.145.791 kr.
Framsókn og flugvallarvinir 41.421.673 kr. launakostnaður, 7.516.993 kr. launatengd gjöld. Samtals 48.938.666.
Vinstri græn 34.583.883 kr. launakostnaður, 6.854.431 kr. launatengd gjöld. Samtals 41.438.314 kr.
Píratar 30.089.591 kr. launakostnaður, 5.957.073 kr. launatengd gjöld. Samtals 36.046.664 kr.
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri 18.515.558 kr. launakostnaður, 3.764.489 kr. launatengd gjöld. Samtals 22.280.047 kr.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Listi yfir launakostnað fulltrúa stjórnmálaflokka í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar árið 2016.